

Verða kröfur sækjanda því teknar til greina, enda fullnægi hann að öllu leyti uppboðsskilmálum þeim, er við uppboðið giltu. Eftir þessum úrslitum verður málskostnaðarkrafa verjenda ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Viðurkenndur er réttur Gests Gíslasonar til að ganga inn í hæsta boð, kr. 1.120.000.00, í jörðina Trostansfjörð í Suður-fjarðarhreppi á uppboði, er fram fór á eigninni sjálfri hinn 23. október 1969, enda fullnægi hann að öllu leyti uppboðs-skilmálum þeim, er við uppboðið giltu.

Þriðjudaginn 22. júní 1971.

Nr. 109/1970. **Guðfinna Ásta Strandberg**

(Áki Jakobsson hrl.)

gegn

Jóni Ágúst Strandberg

(Árni G. Finnsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ættarnafn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að leggja niður ættarnafnið Strandberg og til að greiða honum miskabætur, kr. 15.000.00 með 7% ársvöxtum frá birtingardegi sáttakæru til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að áfrýjanda verði gert að greiða honum máls-

kostnað í héraði. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi hefur ekki gagnáfrýjað málinu. Ber því að vísa frá Hæstarétti kröfu hans um málskostnað í héraði.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, þar á meðal vottorð Þjóðskrárinnar um, að stefndi sé skráður með ættarnafninu Strandberg í íbúaskrá Hafnarfjarðar.

Ætla verður eftir sakargögnum og málflutningi aðilja, að faðir stefnda, Sigmundur Bergur Sigmundsson, hafi tekið sér ættarnafnið Strandberg árið 1901 eða 1902 og borið það síðan og sjálfur hafi stefndi, sem skírður er Jón Ágúst Strandberg, alla ævi notað nafnið sem ættarnafn. Ekki aflaði faðir stefnda sér heimildar samkvæmt 9. gr. laga nr. 41/1913 til að bera ættarnafnið, eftir að þau lög tóku gildi, né heldur tilkynnti hann nafnið og lagði bann við, að aðrir notuðu það, samkvæmt a lið 7. gr. sömu laga. Tók faðir áfrýjanda upp sama ættarnafn árið 1916 með heimild í 6. gr., sbr. 8. gr. laganna. Er áfrýjanda því heimilt samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1925 að bera ættarnafn sitt.

Er þá úrlausnarefni, hvort áfrýjandi geti bannað stefnda notkun nafnsins, þar sem sú notkun brjóti gegn nafnrétti hans. Samkvæmt orðum 1. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1925 var stefnda, sem fæddur er 31. ágúst 1919, óheimilt að halda ættarnafni sínu eftir gildistöku þeirra laga. Ekki er þó komið fram, að stjórnvöld hafi nokkru sinni á talið, að stefndi notaði ættarnafnið, né gert að því reka, að hann legði það niður. Hins vegar hefur verið leitt í ljós fyrir Hæstarétti, að stjórnvöld hafa notað ættarnafn stefnda við útgáfu ýmissa persónuskilríkja honum til handa svo og skráð hann með ættarnafninu í Þjóðskrá samkvæmt lögum nr. 54/1962. Er og alkunna, að mjög mikill misbrestur hefur verið á því, að lögum nr. 54/1925 væri framfylgt.

Áfrýjandi hefur viðurkennt, að sjálfur hafi hann fyrir árið 1940 fengið vitneskju um, að stefndi bæri ættarnafnið Strandberg. Eigi að síður hafðist hann ekkert að til að fá stefnda til að leggja niður nafnið fyrr en með höfðun máls þessa. Er augljóst, að bagi stefnda af því að leggja niður það nafn,

sem hann hefur alla ævi borið og margháttað réttindi hans eru tengd, verður því meiri sem lengra líður.

Þegar gætt er tómlætis áfrýjanda um nafnrétt sinn og höfð í huga sú afstaða stjórnvalda, sem áður er lýst, svo og það, að stefndi hefur borið ættarnafn sitt frá því fyrir gildistöku laga nr. 54/1925, ber að staðfesta hinn áfrýjanda dóm.

Rétt er, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara

í hæstaréttarmálinu nr. 109/1970: Guðfinna Ásta Strandberg gegn Jóni Ágúst Strandberg Sigmundssyni.

Lög nr. 54/1925 um mannanöfn, sem nú gilda, leystu af hólmi lög nr. 41/1913 um mannanöfn, sem veittu mönnum rétt til að taka upp ættarnafn. Í 1. gr. laga nr. 54/1925 segir, að hver maður, þ. e. íslenzkur þegn, skuli heita einu nafni eða tveimur og kenna sig til föður, móður eða kjörföður og jafnan rita nafn og kenningarnafn með sama hætti alla ævi. Í 2. gr. laganna er lagt bann við því, að íslenzkir menn taki upp ættarnöfn eftir gildistöku laganna. Frá banninu eru í 3. gr. laganna gerðar þær undantekningar, sem nú verða raktar:

1. Íslenzkir þegnar og niðjar þeirra mega halda ættarnöfnum, sem upp hafa verið tekin fyrir síðastliðin aldamót (1. janúar 1901), sbr. 7. gr., a lið, laga nr. 41/1913.
2. Íslenzkir þegnar og niðjar þeirra, sem bera ættarnöfn, tekin upp eftir síðustu aldamót og fram til gildistöku laga nr. 41/1913, mega halda þeim, enda hafi þeir fengið heimild til að nota þau með konunglegu leyfisbréfi, sbr. 9. gr. laga nr. 41/1913.
3. Íslenzkir þegnar og börn þeirra, sem við gildistöku laga

nr. 54/1925 báru ættarnöfn, sem upp voru tekin síðan lög nr. 41/1913 komu í gildi, mega halda þeim alla ævi. Konur þeirra manna, sem rétt hafa til að bera ættarnöfn, svo sem að framan segir, mega nefna sig ættarnafni manns síns.

Reglur laga nr. 54/1925 um nafngiftir eru óhjákvæmilegs réttar eðlis, og varðar brot gegn þeim refsingu samkvæmt 7. gr. laganna. Handhafar opinbers valds, aðrir en löggjafinn, hafa ekki vald til, hvorki með athöfnum né athafnaleysi, að veita mönnum rétt til upptöku ættarnafna. Rétthafi ættarnafns, sem lög nr. 54/1925 láta haldast, hefur eigi heldur, hvorki með athöfnum né athafnaleysi, vald til að veita mönnum, sem lögin fyrimuna notkun ættarnafnsins, heimild til að bera það.

Það er eigi sannað, að faðir stefnda hafi tekið upp nafnið Strandberg fyrir síðastliðin aldamót, og eigi aflaði faðir stefnda sér konunglegs leyfis fyrir nafninu, sbr. 3. gr. laga nr. 54/1925 og 9. gr. laga nr. 41/1913. Brestur stefnda því samkvæmt skýrum ákvæðum laga nr. 54/1925, sem dómstólar mega ekki kasta fyrir róða, heimild til að bera ættarnafnið.

Faðir áfrýjanda fékk árið 1916 samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1913 leyfi stjórnarráðsins til að taka upp ættarnafnið Strandberg. Áfrýjandi á því rétt til nafnsins samkvæmt 3. gr. laga nr. 54/1925 og svo saksóknarrétt í máli þessu. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, ber að dæma stefnda óheimilt að bera ættarnafnið Strandberg.

Eins og notkun stefnda á nafninu Strandberg er til komin og henni er háttað, eru ekki nægileg efni til að dæma hann til að greiða áfrýjanda skaðabætur vegna notkunar þess fram til þessa.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Stefnda, Jóni Ágúst Sigmundssyni, er óheimilt að bera ættarnafnið Strandberg.

Stefndi á að vera sýkn af skaðabótakröfu áfrýjanda, Guðfinnu Ástu Strandbergs, í málinu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 18. september 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. september s.l., var upphaflega dómtekið 23. júní s.l., en síðan endurupptekið til frekari aðiljaskýrslna, hefur Guðfinna Ásta Strandberg, Víðihvammi 6, Kópavogi, höfðað fyrir dóminum, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun, með kröfu um fyrirtekt málsins á bæjarþingi hinn 3. október 1967, þar sem mætt var af hálfu beggja málsaðilja.

Stefnandi hefur haft uppi þær dómkröfur, að stefndi verði skyldaður með dómi til að leggja niður ættarnafnið Strandberg og að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 15.000.00 í miskabætur fyrir misnotkun nafnsins ásamt 7% ársvöxtum frá birtingardegi sáttakæru svo og málskostnað að mati réttarins.

Stefndi hafði upphaflega þær dómkröfur aðallega, að málinu væri vísað frá dómi, en krafðist til vara sýknu auk málskostnaðar að mati réttarins. Í greinargerð sinni, framlagðri í réttinum hinn 25. júní 1968, féll stefndi frá kröfu sinni um frávísun, en hafði að öðru leyti uppi sömu dómkröfur og áður.

Tildrög máls þessa eru þau, að árið 1916 tók faðir stefnanda, Árni Jónsson bakari, upp ættarnafnið Strandberg samkvæmt heimild í lögum nr. 44 frá 10. nóvember 1913. Var nafnið auglýst í B deild Stjórnartíðinda árið 1916, bls. 386—387. Stefnandi, sem fædd er 23. október 1911, tók upp ættarnafnið Strandberg árið 1916 eins og faðir hennar og hefur notað það síðan. Telur stefnandi, að sér beri réttur til ættarnafnsins samkvæmt 3. gr. laga nr. 54 frá 27. júní 1925.

Stefndi í máli þessu er fæddur 31. ágúst 1919 og skírður 24. desember sama ár nafninu Jón Ágúst Strandberg. Hefur hann borið það nafn síðan. Faðir stefnda var fæddur 25. júlí 1863 og skírður 28. júlí sama ár nafninu Sigmundur Bergur Sigmundsson. Sigmundur keypti hús á Seyðisfirði árið 1898. Nefndi hann húsið eftir kletti, sem það stóð við og bar örnefnið Strandberg.

Telur stefndi, að faðir sinn hafi tekið að kenna sig við húsið og þannig tekið upp nafnið Strandberg sem ættarnafn.

Upplýst er, að samkvæmt aðalmanntali í Seyðisfjarðarkaupstað 1. nóvember 1901 er faðir stefnda skráður Sigmundur Bergur Sigmundsson, búsettur á Strandbergi í Seyðisfjarðarkaupstað. Þá er og upplýst, að árið 1902, er Sigmundur flutti í Þingeyrarhrepp í Dýrafirði, þar hann nafnið Sigmundur Strandberg. Ekki lét Sigmundur skrá nafn sitt sem ættarnafn samkvæmt lögum nr. 41 frá 10. nóvember 1913.

Hinn 20. september 1967 ritaði lögmaður stefnanda stefnda bréf, þar sem þess er farið á leit, að hann felldi niður nafnið Strandberg sem ættarnafn, þar sem þessi notkun stefnda á nafninu bryti gegn rétti stefnanda til nafnsins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að faðir hennar hafi árið 1916 tekið upp ættarnafnið Strandberg samkvæmt lögum nr. 41/1913 og hafi upptaka nafnsins lögum samkvæmt verið birt í B deild Stjórnartíðinda árið 1916. Með lögum nr. 54 frá 1925 hafi lög nr. 41 frá 1913 verið afnumin, en í 3. gr. þeirra laga hafi þeim, er tekið höfðu upp ættarnöfn samkvæmt fyrri lögnum, og börnum þeirra verið heimilað að halda þeim, á meðan þeir lifðu. Það tiltæki stefnda að taka upp nafnið Strandberg sem ættarnafn sé því brot gegn rétti stefnanda auk þess sem upptaka ættarnafns sé beint brot gegn núgildandi lögum um mannanöfn nr. 54 frá 1925.

Stefnandi telur, að sér hafi verið gerður miski með því, að ættarnafn hennar hafi verið með ólögmætum hætti notað. Telur stefnandi, að kr. 15.000.00 séu hæfilegar miskabætur sér til handa vegna hinnar ólögmætu notkunar á ættarnafni hennar.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að faðir sinn hafi þegar verið búinn að taka upp ættarnafnið Strandberg árið 1902, er hann hafi flutzt frá Seyðisfirði til Þingeyrar. Telur stefndi vel hugsanlegt, að faðir sinn hafi verið búinn að taka þetta ættarnafn fyrir síðustu aldamót, enda þótt eigi hafi tekizt að afla gagna um það lengra aftur en til 1902. Hafi Sigmundur eigi látið birta nafn sitt samkvæmt lögum nr. 41 frá 1913, og telur stefndi eigi ósennilegt, að faðir sinn hafi eigi talið þess þörf sökum þess, hversu lengi hann hafi verið búinn að bera þetta ættarnafn, er umrædd lög hafi tekið gildi. Enn fremur byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að hann hafi borið nafnið Strandberg átölulaus um 48 ára skeið.

Upplýst er í máli þessu, að stefnandi var að Kalmannstjörn

í Höfnum árin 1937—1940, og enn fremur, að stefndi stundaði sjómennsku frá Höfnum veturinn 1936 eða 1937. Hefur stefnandi og borið, að hún hafi frá þeim tíma vitað um tilvist stefnda og að hann bæri nafnið Strandberg.

Telja verður sennilegt, að faðir stefnda hafi eigi verið búinn að taka upp nafnið Strandberg fyrir 1. janúar 1901. Enda bendir manntalsskráningin í Seyðisfjarðarkaupstað 1. nóvember 1901 til þess, en þar var hann skráður með nafninu Sigmundur Bergur Sigmundsson, eins og að framan greinir.

Í 3. gr. laga nr. 54 frá 1925 segir: „Þeir íslenzkir þegnar og niðjar þeirra, sem bera ættarnöfn, sem eldri eru en frá þeim tíma, er lög nr. 41, 10. nóv. 1913, komu í gildi, mega halda þeim, enda hafi þau ættarnöfn, sem yngri eru en frá síðastliðnum aldamótum, verið tekin upp með löglegri heimild, sbr. 9. gr. þeirra laga“. Í 9. gr. laga nr. 41 frá 1913 segir: „Ættarnöfn eða kenningarnöfn, sem upp hafa verið tekin án löglegrar heimildar eftir síðustu aldamót (1. jan. 1901), má því aðeins nota eftirleiðis, að sá, er í hlut á, fái heimild til að nota þau með konunglegu leyfisbréfi“.

Faðir stefnda gerði ekki reka að því að fá hið konunglega leyfi til þess að öðlast lögvarinn rétt til ættarnafnsins Strandbergs, en með því að stefndi hefur notað ættarnafnið Strandberg átölulaust um svo langt skeið sem raun ber vitni, lítur rétturinn svo á, að stefndi hafi með hinni langvarandi notkun nafnsins unnið til hefðar á ættarnafninu Strandberg.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Jón Ingvarsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Strandberg, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.